

Umhverfisstofnun  
Helgi Jensson, forstöðumaður  
Suðurlandsbraut 24  
108 REYKJAVÍK

2003020047  
7501; 9310

Reykjavík, 27. mars 2003  
/--

**Efni: Efnistaka við Hölkná vegna endurbyggingar Norðausturvegar,  
Hölkná-Miðheiðarhryggur, Skeggjastaðahreppi. Ákvörðun um matskyldu**

Vísað er til erindis Umhverfisstofnunar dags. 21. mars 2003 þar sem óskað er eftir skýringum á því hvers vegna ekki var leitað umsagnar stofnunarinnar vegna ofangreindrar framkvæmdar.

Um er að ræða efnistöku úr þremur námum í nágrenni Hölknár eða samtals rúmlega 65 þús. m<sup>3</sup> af rúmlega 31 þús. m<sup>2</sup> svæði vegna endurbyggingar Norðausturvegar frá Hölkná að Miðheiðarhrygg í Skeggjastaðahreppi. Framkvæmdin var tilkynningarskyld til ákvörðunar um matskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2 a í 2. viðauka við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt framlögðum gögnum Vegagerðarinnar hefur þegar verið unnið efni á svæðinu. Fyrirhuguð efnistaka mun taka til afmarkaðs svæðis sem er lítt gróið, er hvorki á verndarsvæði né viðkvæmt hvað varðar álagsþol náttúrunnar sbr. 3. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum. Eftirlitsráðgjafi Umhverfisstofnunar á Austurlandi og sveitarstjórn gerðu ekki athugasemd við efnistöku enda yrði m.a. staðið að framkvæmdinni samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum og gengið frá námum í samráði við landeigendur og sveitarstjórn.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum skal Skipulagsstofnun leita álits leyfisveitenda, framkvæmdaraðila og annarra eftir eðli mál hverju sinni áður en ákvörðun er tekin um hvort framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Í ljósi framlagðra gagna Vegagerðarinnar, þ.á m. álits eftirlitsráðgjafa Umhverfisstofnunar á Austurlandi og umsagnar sveitarstjórnar, eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika áhrifa af framkvæmdinni taldi Skipulagsstofnun í þessu tilfelli ekki ástæðu til að leita umsagnar Umhverfisstofnunar.

Hólmfríður Sigurðardóttir